

Nd.

83. Þingsályktun

um verkmanamálið.

(Samþykkt í Nd. 23. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands að útvega sem allra gleggstar upplýsingar um verkmanna-löggjöfina í þeim löndum, þar sem hún er fullkominust, svo sem um slysa-ábyrgð verkmanna, um sjúkra-, atvinnuleysis- og elli-styrk verkmanna, um gjörðardóma í ágreiningsmálum verkmanna og vinnuveitanda, um vinnu barna og kvenna í verksmiðjum, og ella, o. fl., o. fl., — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi.